



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 09.11.2020
Tilvísun: 202010-0027

Efni: Tillaga til þingsályktunar um tímasetta aðgerðaáætlun um einföldun regluverks, 24. mál, 151. löggj.þ

Umræðan um einföldun regluverks hefur að mati ASÍ verið á köflum grunnhyggin og að of miklu leyti beinst að því að reglur og opinbert eftirlit séu almennt af hinu slæma. Regluverk og eftirlit getur vissulega verið íþyngjandi fyrir þá sem þar eiga undir en ekki má gleyma því að samfélagið allt hefur hag að því að tryggja velferð, heilbrigði og umhverfisvernd með setningu regluverks, enda er það iðulega tilgangurinn. Ekki er vitað til þess að regluverk hafi nokkurn tímann verið sett eingöngu regluverksins vegna.

Gera verður greinarmun á því að einfalda reglur annars vegar og því að fækka reglum hins vegar. Hið síðarnefnda er pólitísk ákvörðun sem gjarnan byggir á hugmyndafræði um að regluverk og hið opinbera almennt standi í vegi fyrir efnahagslegri uppbyggingu og dragi úr samkeppnishæfni. Er þessu tvennu gjarnan blandað saman í eitt og afnám regluverks kallað einföldun sem er miður og hefur að mati ASÍ staðið í vegi fyrir uppbyggilegri og góðri umræðu um innihald og markmið.

Í þingsályktuninni er lagt til að tekin verði upp svokölluð jafnvægisregla (*ein-inn, ein-út regla*). Að sama skapi er vísað í efni og markmið stöðuskýrslu *Ráðgjafarnefndar um opinbert eftirlit* þingsályktunartillögunni til stuðnings. Í tilvitnaðri skýrslu kemur þó fram að mat nefndarinnar sé að ekki séu forsendur til að innleiða jafnvægisreglu þar sem að mat á áhrifum nýrra reglna og eftir atvikum brottfelldra reglna sé ekki nægilega þróað. ASÍ hefur ekki vitneskju um að þau mál hafi nokkuð breyst frá því að skýrslan var gefin út árið 2014. Þau ríki sem hafa tekið upp svokallaða jafnvægisreglu eða einhvers konar vísi að henni hafa komið sér upp þróuðu og nokkuð óumdeildu faglegu mati á áhrifum reglna. Á meðan svo hefur ekki verið gert hér á landi telur ASÍ skynsamlegt að fara varlega í sakirnar enda dæmi um að hin pólitíska hugmyndafræði um að reglur séu af hinu slæma noti einföldun regluverks sem skálkaskjól til að auka arð jafnvel á kostnað öryggis og velferðar.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / 5355600